félagsins í öllum tilvikum tekið ákvarðanir í málefnum félagsins sem úrskurðarbeiðendur vilja nú fá breytt eða felldar úr gildi með tilteknum hætti. Umrædd lagagrein veitir ráðherra því ekki heimild, eins og mál þetta er vaxið, til þess að verða við umræddum kröfuliðum og verða þeir því ekki teknir til greina.

Um kröfulið nr. 7.

Um kröfu þessa féll úrskurður ráðherra 19. febrúar s. l.

Um málskostnaðarkröfu.

Í lögum er ekki að finna heimildir fyrir ráðherra til að úrskurða málskostnað í tilviki sem þessu. Hafna ber því kröfu úrskurðarbeiðenda.

Því úrskurðast:

Kröfur úrskurðarbeiðenda skv. 1.—6. tl., svo og krafa um málskostnað, verða ekki teknar til greina.

Viðskiptaráðuneytið, 5. mars 1981.

F. h. r.
Ásberg Sigurðsson.

Benedikt Þórðarsson.

12. mars 1981. Nr. 151.

REGLUGERÐ

um biskupskosningu.

Um kjörgengi.

1. gr.

Kjörgengur til embættis biskups Íslands er hver guðfræðikandidat, sem fullnægir skilyrðum til þess að vera skipaður prestur í þjóðkirkjunni.

Um kosningarrétt.

2. gr.

Kosningarrétt við biskupskjör eiga:

1. Allir þjónandi prestar og prófastar í þjóðkirkjunni, þ. á m. prestar þeir er 6. gr. 2. málsgr., 7. gr. 1. málsgr., 8. og 9. gr. laga nr. 35/1970 taka til, þjónandi vígslubiskupar og biskup, kennarar guðfræðideildar, sem eru í föstum embættum eða störfum (prófessorar, dósentar, lektorar), enda séu þeir guðfræðikandídatar, biskupsritari með sama skilorði, svo og prestvígðir menn, sem ráðnir eru til sérstakra starfa innan þjóðkirkjunnar á vegum kirkjuráðs, enda taki þeir full árslaun úr kristnisjóði.
2. Kjörnir leikmenn, sem sæti eiga á kirkjuþingi, þegar biskupskosning fer fram, svo og leikmenn, sem sitja í kirkjuráði, en eigi eru jafnframt kjörnir kirkjuþingsmenn.
3. Ennfremur einn leikmaður fyrir hvert prófastsdæmi, þó tveir frá Reykjavíkurprófastdæmi, kjörnir af leikmönnum, sem eiga sæti lögum samkvæmt á héraðsfundi (safnaðarfulltrúar), til 4 ára í senn, og skulu varamenn einnig kjörnir á sama hátt.

3. gr.

Þjónandi prestur eða prófastur, skv. 1. tölul. 2. gr., er sá, sem er skipaður eða settur til þjónustu, þegar kjörskrá er gerð, með þeim undantekningum er hér segir:

a. Prestur eða prófastur, sem er þjónandi þegar kjörskrá er gerð en fyrirséð að hverfi úr starfi áður en áætlað er að kosning hefjist, hefur eigi atkvæðisrétt.
b. Enginn getur farið með meira en eitt atkvæði enda þótt hann gengni fleiri embættum.
c. Þjóni tveir sama embættinu hefur aðeins annar atkvæðisréttinn eftir úrskurði kjörstjórnar.

4. gr.

Kjörstjórn úrskurðar við gerð kjörskrár, sbr. 7. gr., hvort varamenn kjörinna leikmanna, sbr. 5. gr., taki sæti aðalmanna. Varamenn kjörinna leikmanna taka sæti aðalmanna í eftirgreindum tilfellum:

a. Þegar aðalmaður andast áður en kjörskrá er gerð.
b. Þegar aðalmaður hefur flutt lögheimili úr prófastsdæminu áður en kjörskrá er gerð.
c. Þegar aðalmaður er kjörinn á kirkjuþing eða tekur sæti í kirkjuráði.
d. Þegar veikindi aðalmanns eða fjarvera af landinu hamla því að hann geti með eðlilegum hætti nýtt sér atkvæðisréttinn.

Um kjör leikmanna.

5. gr.

Kjör leikmanna samkvæmt 3. tölul. 2. gr. fer fram í tengslum við héraðsfund. Kjörgengur er hver lögráða maður, sem telst til þjóðkirkjunnar og er búsettur í prófastsdæminu.

Prófastur stýrir kosningunni. Skal hún vera skrifleg og leynileg. Hver leikmaður skal rita eitt nafn á kjörseðil (í Reykjavíkurprófastsdæmi tvö). Rétt kjörinn sem aðalmaður er sá sem flest atkvæði hlýtur. Nú eru tveir eða fleiri með sama atkvæðamagn, skal þá hlutkesti ráða úrslitum.

Kjör varamanns, í Reykjavíkurprófastsdæmi varamanna, fer fram með sama hætti.

Prófastur úrskurðar um gildi atkvæða. Úrskurði prófasts má áfrýja til kirkjumálaráðherra innan viku frá því að hann gekk.

Um kjörstjórn.

6. gr.

Þriggja manna kjörstjórn fer með yfirstjórn, undirbúning og framkvæmd biskupskosningar. Formaður hennar er ráðuneytisstjórinn í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, en varamaður hans skrifstofustjórinn í sama ráðuneyti. Aðalfundur Prestafélags Íslands tilnefnir annan kjörstjórnarmann til 4 ára í senn, svo og varamann. Kirkjumálaráðherra skipar þriðja manninn og varamann hans til 4 ára í senn.

Jafnskjótt og embætti biskups losnar felur kirkjumálaráðherra kjörstjórn undirbúning og framkvæmd biskupskosningarinnar.

Um gerð kjörskrár.

7. gr.

Kjörstjórn semur kjörskrá fyrir biskupskosningu svo fljótt sem við verður komið. Skal kjörskráin liggja frammi til sýnis á biskupsstofu eða öðrum stað eða stöðum, sem kjörstjórn ákveður, í 4 vikur eftir því sem segir í auglýsingu kjörstjórnar.

Þegar kjörskrá hefur verið gerð skal kjörstjórn auglýsa framlagningu hennar í Lögbirtingablaði og útvarpi, þ. á m. um kærufrest og hvar hún liggi frammi.

8. gr.

Kærur til breytingar á kjörskrá úrskurðar kjörstjórn eigi síðar en viku frá lokum kærufrests. Tilkynna skal viðkomandi úrskurðinn án tafar í bréfi eða símskeyti.

Úrskurði kjörstjórnar má innan viku frá því er hann gekk, skjóta til kirkjumálaráðherra, sem leysir úr málinu til fullnaðar.

Um framkvæmd kosningarinnar.

9. gr.

Að lokinni endanlegri gerð kjörskrár sendir kjörstjórn þeim er kosningarrétt eiga, svo fljótt sem verða má, tilskilin kjörgögn: auðan kjörseðil, óáritað umslag, eyðublað fyrir yfirlýsingu kjósanda um það að hann hafi kosið, og umslag með utanáskrift kjörstjórnar.

Með kjörgögnum sendir kjörstjórn leiðbeiningar um það, hvernig kosning skuli fara fram. Greina skal glögglega fyrir hvaða tíma kjörseðill skuli hafa borist kjörstjórn í síðasta lagi. Kjörstjórn ákveður skilafrest. Skal hann ekki vera lengri en 4 vikur frá útsendingu kjörgagna.

10. gr.

Biskupskosning skal vera skrifleg og leynileg.

Kjósandi ritar á kjörseðil nafn eins biskupsefnis. Eigi skal hann undirrita kjörseðil eða auðkenna hann með öðrum hætti. Setur hann seðilinn síðan í óáritaða umslagið, sbr. 9. gr. 1. mgr., og lokar því, útfyllir eyðublaðið og leggur gögnin í áritaða umslagið og sendir kjörstjórn það í ábyrgðarpósti.

11. gr.

Kjörseðill sem berst kjörstjórn eftir tilskilinn frest er eigi talinn með þegar til talningar kemur. Kærur út af kosningunni skulu hafa borist kjörstjórn innan viku frá því, er fresti lauk til að skila atkvæðaseðlum, og úrskurðar kjörstjórn þær. Að svo búnu telur kjörstjórn atkvæði og úrskurðar þau, nema kosning sé úrskurðuð ógild. Úrskurði kjörstjórnar má skjóta til kirkjumálaráðherra innan viku frá því að hann gekk, og leysir hann úr málinu til fullnaðar.

12. gr.

Réttkjörinn biskup er sá, sem fær meirihluta greiddra atkvæða. Nú fær enginn þann atkvæðafjölda, og skal þá kosið að nýju milli þeirra þriggja, sem flest fengu atkvæði. Ef atkvæði verða jöfn, skal hlutkesti ráða um þá, sem kosið er um. Sá er réttkjörinn, sem fær þá flest atkvæði. Nú verða atkvæði jöfn og skal þá veita embættið öðrum hvorum þeirra, sem flest fengu atkvæðin, eða einum af þremur, ef þeir fá allir jöfn atkvæði.

Að talningu lokinni tilkynnir kjörstjórn kirkjumálaráðherra úrslit kosningarinnar.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 7. gr. laga nr. 96 31. desember 1980 um biskupskosningu, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 99 12. ágúst 1938 um biskupskosningu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er prófasti heimilt að láta kjör leikmanna samkvæmt 3. tölul. 2. gr. á árinu 1981 fara fram bréflega. Sendir prófastur þá þeim safnaðar-

fulltrúum, sem hafa löglegt umboð til þess að mæta á héraðsfundi, auðan kjörseðil, tvö umslög og eyðublað fyrir yfirlýsingu um að viðkomandi hafi kosið.

Hver leikmaður (safnaðarfulltrúi) ritar á kjörseðil eitt nafn aðalmanns og eitt nafn varamanns (í Reykjavíkurprófastsdæmi þó tvö nöfn aðalmanna og varamanna). Eigi skal hann undirrita kjörseðilinn eða auðkenna hann með öðrum hætti. Setur hann seðilinn síðan í óáritaða umslagið, lokar því, undirritar yfirlýsingu um að hann hafi kosið, leggur gögnin í umslag er hann áritar og sendir viðkomandi prófasti í ábyrgðarpósti.

Prófastar skulu í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið annast framkvæmd kosningarinnar.

Stjórn Prestafélags Íslands tilnefnir á árinu 1981 aðalmann og varamann í kjörstjórn, sbr. 8. gr. 2. málsgr. laga nr. 96/1980.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. mars 1981.

Friðjón Þórðarson.

Þorleifur Pálsson.

Nr. 152. 26. mars 1981.

REGLUGERÐ

um happdrættislán ríkissjóðs í 1. fl. 1981 vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

1. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gefur út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf, samtals að fjárhæð kr. 5 000 000,00, skv. heimild í fjárlögum fyrir árið 1981, svo og lögum nr. 36 frá 23. maí 1975, sbr. lög nr. 28 frá 25. maí 1979, um breyting á þeim lögum um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg, sbr. og lög nr. 7 frá 13. mars 1974 um skattalega meðferð verðbréfa o. fl., sem ríkissjóður selur innanlands.

2. gr.

Happdrættisskuldabréf, skv. reglugerð þessari skulu nefnd Skuldabréf 1981 — 1. fl.

Þau skulu gefin út til handhafa. Verðgildi hvers skuldabréfs er 100 krónur og eru þau í töluröð. Skuldabréfin skulu seld á nafnverði. Sala þeirra hefst í aprílmánuði 1981 og henni lýkur fyrir útdráttardag vinninga, sem er 1. júní 1981.

Happdrættisskuldabréfin falla í gjalddaga eftir 5 ár eða hinn 1. maí 1986.

Á happdrættisskuldabréfunum skal tilgreindur útdráttardagur, tala vinninga og fjárhæð þeirra hvers um sig.

3. gr.

Við innlausn happdrættisskuldabréfs greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól bréfsins í samræmi við þá hækkun, er kann að verða á lánstímanum á þeirri vísitölu lánskjara (lánskjaravísitölu), er reiknuð er og auglýst er fyrir maímánuð 1981 til og með gjalddaga hinn 1. maí 1986. Seðlabanki Íslands reiknar og auglýsir lánskjaravísitölu mánaðarlega skv. heimild í 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979, sbr. auglýsingu bankans í Lögbirtingablaði frá 29. maí 1979. Happdrættisskuldabréfin skulu innleyst á nafnverði, þótt lánskjaravísitala lækki á tímabilinu frá 1. maí 1981 til gjalddaga þeirra. Happdrættisskuldabréfin verða ekki innleyst að hluta.